

BROTHÆTTAR BYGGÐIR: ÍBÚAÞING Í GRÍMSEY DAGANA 1.- 2. MAÍ

Kæri íbúi í Grímsey.

Sunnudaginn 1. maí kl. 17 hefst íbúaðing í félagsheimilinu Múla og verður því fram haldið mánudaginn 2. maí.

Þátttakendur móta dagskrána og verða málefni rædd í hópastarfi. Ekki þarf að skrá þátttöku og er frjálst að vera með allan tímann eða hluta hans eftir óskum hvers og eins. Boðið verður upp á veitingar.

Góð þátttaka íbúa er lykilatriði varðandi árangur verkefnisins.

Síðastliðið sumar ákvað Byggðastofnun að Grímsey yrði eitt þriggja nýrra byggðarlaga til þátttöku í verkefni stofnunarinnar sem nefnt hefur verið Brothættar byggðir, en sótt var um fyrir tólf byggðarlög. Fyrir náði verkefnið til fjögurra byggðarlaga, þannig að nú eru þau sjö talsins.

Gengið var frá samstarfi við Akureyrarbæ, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar (AFE), Eyþing og skipuð verkefnisstjórn sem í sitja fulltrúar þessara aðila, auk tveggja fulltrúa íbúa og eins til vara. Í verkefnisstjórn sitja Kristján Þ. Halldórsson og Sigríður K. Þorgrímsdóttir frá Byggðastofnun, Matthías Rögnvaldsson frá Akureyrarbæ, Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson AFE, Gunnar Gíslason Eyþingi og fyrir hönd íbúa þau Jóhannes Henningsson, Karen N. Halldórsdóttir og Sigfús Jóhannesson.

Í nóvember sl. var Helga Íris Ingólfssdóttir ráðin sem verkefnisstjóri á vegum Akureyrarbæjar vegna þessa verkefnis og mun hún sinna bæði Hrísey og Grímsey og starfa náði með verkefnisstjórninni.

Þróun byggðar í Grímsey snýst að verulegu leyti um aðgerðir stjórnvalda og aðrar ytri aðstæður og skilyrði. Þannig snýst verkefnið Brothættar byggðir að hluta til um það að íbúar viðkomandi samfélags komi hugmyndum sínum og ábendingum á framfæri og að þær stofnanir sem að verkefninu standa hlusti á og ræði við íbúana. En verkefnið snýst ekki síður um hvað íbúar vilja sjálfir gera. Þeirra hugmyndir, frumkvæði og samstöðu. Samræðan hefst með íbúaðingi sem nær yfir tvo daga. Fyrirkomulag þingsins er það sama og á öðrum stöðum í verkefninu Brothættar byggðir og er þar fylgt ákveðinni forskrift. En það er ekki fyrirfram mótuð dagskrá, heldur stínga þátttakendur upp á umræðuefnum og stýra málefnaþópum eftir þessari forskrift.

Málefni rædd á þinginu og greining á stöðu byggðar í Grímsey verða efniviður í framtíðarsýn, markmið og verkefni, sem vinna skal að. Þær niðurstöður verða kynntar fyrir íbúum á opnum fundi nokkrum vikum eftir þingið. Verkefnisstjórnin leiðir mál áfram og veitir handleiðslu eftir því sem þurfa þykir með stuðningi verkefnisstjórnar. Verkefnisstjórn fylgir eftir þeim málum sem beint er til þeirra stofnana sem að verkefninu standa eða þarf að koma á framfæri við stjórnvöld, stofnanir og fyrirtæki.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir frá ráðgjafafyrirtækinu Ildi leiðir íbúaðingið og sér um úrvinnslu niðurstaðna, eins og hún hefur gert í öðrum byggðarlögum í verkefninu.

Íbúaðingið í Grímsey verður haldið í félagsheimilinu Múla og hefst sunnudaginn 1. maí kl. 17 og stendur til kl. 22. Síðari hluti fer svo fram mánudaginn 2. maí, kl. 17 – 22.

Hlökkum til að sjá ykkur!

